




Yfirlitsmynd - skipulagsreiturinn í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar, 2010-2030, mkv. 1:50000.

Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 41. gr. Skipulags- og byggingarlaga frá 25/9 til 7/11 20 14

Frá því tillagan var auglýst hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar: Breytingar gerðar

Deiliskipulag þetta var samþykkt Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann 10/12 20 14

Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins birtist í B- deild Stjórnartíðinda þann _____

Á uppdrætti þessum kemur fram:
- deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1000
- greinargerð með skipulagsskilmálum
- skipulagssvæðið í aðalskipulagi

Skýringar

- mörk skipulagssvæðis
- Ætluð lóðarmörk
- Skipulagður göngustígur
- Hugsanlegar gönguleiðir
- aðkoma / bílastæði
- staðsetning rótþróar og siturlagna
- Gras- og gróðursvæði
- Trjágróður

Skipulagsuppdráttur í mkv. 1:1000

Greinargerð

Forsendur

Áformað er að gera nýja aðkomu og áningasvæði við útilistaverkið Kríuna, milli Stokkseyrar og Eyrarbakka.
Því óskar Sveitarfélagið Árborg eftir samþykki á meðfylgjandi deiliskipulagi á hluta úr landspildunni Hraunlist, skammt frá gatnamótum Stokkseyrar- og Eyrarbakkavegar.

Afmörkun svæðis og aðstæður

Landspildan sem Krían stendur á nefnist Hraunlist, en landskiki sá er um 13,7ha að stærð og tekur til svæðisins kringum listaverkið og einnig tjörnina austan og sunnan þess. Skipulagssvæðið er hinsvegar um 5,4 ha. og nær einungis niður að vatnasvæði tjarnarinnar, eins og sýnt er á uppdrætti.

Engar lagnir eða vegir eru á svæðinu en skammt vestan við það er rafmagnslína. Vegslóði liggur að svæðinu frá Eyrarbakkavegi en reiknað er með að hann verði aflagður sem slíkur.

Á svæðinu er myndarlegur trjáræktarreitur með birki- og greinitrjám, en svæðið er að öðru leyti þakið mosa og lynggróðri.

Skipulagsstaða og eignarhald

Landspildan er í eigu sveitarfélagsins og liggur skammt frá gatnamótum Eyrarbakkavegar og Gaulverjabæjarvegar (33) í fyrrum Eyrarbakkahrepp.

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 er landið skilgreint sem útivistarsvæði (ú2). Svæðið er á náttúruminjaskrá (777) og næst tjörninni er skilgreint flóðasvæði.

Fornleifar

Ekki eru sjáanlegar minjar á landinu en gert er ráð fyrir að skipulagið verði kynnt Minjastofnun Íslands til umsagnar og að fram fari fornleifaskráning skv. 11 gr. þjóðminjalaga ef að þörf er talin á, áður en skipulagið hlýtur staðfestingu. Vakin er athygli á 2.mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, um ábyrgð framkvæmdaraðila og landeigenda við fund á áður óþekktum formleifum.

Innihald skipulags

Ráðgert er að gera nýja aðkomu og bílastæði sem mun tengjast Gaulverjabæjarvegi (33) með að- og frárein. Þar er gert ráð fyrir a.m.k. 6 bílastæðum, þar af einu sérmerktu hreyfihömluðum, ásamt plássi fyrir fólksflutningabíla. Bílastæðin verða við vegin, en þó utan helgunarsvæðis hans.

Frá bílastæðum komi u.þ.b. 200m langur og 2,5m breiður göngustígur að listaverkinu. Við listaverkið er svo ráðgert að koma upp hellulögðu áningasvæði skv. nánara umhverfisskipulagi og að listaverkið verði upplýst. Einnig er hugmynd að gera minni stíga innan trjáræktarreitsins og koma upp grasflöt til dvalar og leikja.

Frá Kríunni er síðan gert ráð fyrir að göngustígar tengist framtíðar göngu- og hjólastígum sem ráðgerðir eru nær ströndinni milli Stokkseyrar og Eyrarbakka.

Skipulagið gerir ekki ráð fyrir byggingum, salernum eða lögnum öðrum en raflögn vegna útilýsingar.

Sveitarfélagið Árborg Hraunlist Skipulag aðkomu og áningasvæðis	mkv. 1:1000 (A2) kortagrunn Loftmynda hnitakerfi ISN 93 dags. 27. ágúst 2014
Teikn.: Hermann Ólafsson, landslagsarkitekt FÍLA	Sign. H.Ó.
landhönnun	**Landhönnun slf** Austurvegi 10 - 800 Selfoss www.landhonnun.is